

HAND VERK OG HÖNNUN

í Ráðhúsi Reykjavíkur
15. til 19. maí 2014


Niðurstöður könnunar vegna sýningarinnar HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR í maí 2014.

Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni **HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR** sem haldin var dagana 15. til 19. maí 2014.


Könnunin var framkvæmd dagana 23. maí. – 5. júní 2014.

Svörun var mjög góð eða 86% en alls svaraði 31 af 36 þátttakendum könnuninni.

1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í ellefta sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?




2. Hver er ávinningur þinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?




*Ef annað, þá hvað? *Kynna nýja vöru*


3. Finnur þú fyrir auknum áhuga á vörum þínum í kjölfar sýningarinnar í Ráðhúsinu?




4. Framboð vöru. Hakaðu í það sem við á.




Ef þú ert með sömu vörur á sýningunni og í endursölu (í sölu allt árið á einum eða fleiri sölustað), vinsamlegast svaraðu þá eftirfarandi.




5. Á sýningunni í maí lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.



6. Þetta var í þriðja sinn sem sýningin er haldin að vori. Finnst þér þörf á að hafa svona sýningu bæði í maí og nóvember?



7. Mikil áhersla var lögð á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna? (hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)



*Ef annað þá hvað? Haft var samband við mig fyrir viðtal í dagblað


8. HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt sýninguna á ákveðinn hátt undanfarin ár, þ.e. með kynningarbæklingi sem dreift er í 87.000 eintökum með pósti, markvissri kynningu á opnum samfélagsmiðlum (Facebook, Twitter, Instagram), rafrænu boðskorti og fréttatilkyningum í fjölmiðla. Einnig hefur heimasíðukynning á þátttakendum farið í loftið mánuði fyrir sýninguna.

Hefur þú hugmyndir um nýjar leiðir í kynningarmálum?


- Götuplaköt
- Ljósvakann og blöðin..
- Mér finnst bæklingurinn alltaf rosalega sterkur.
- Það væri gaman ef hægt væri að fjármagna smá video upptökur á næstu sýningu, kannski samstarf við kvikmyndaskólann eða eitthvað þannig. Taka upp td. þegar verið er að stilla upp, þegar allt er komið upp og gestirnir komnir og kannski líka taka upp þegar sýnendur útskýra í stuttu máli af hverju þeir taka þátt. Klippa þetta svo saman í 2-4 mínútna lifandi og skemmtilega video kynningu sem hægt er að dreifa ókeypis á netinu. Inn í þetta væri hægt að klippa myndir frá fyrri sýningum og kannski heimsækja 2-3 sýnendur á vinnustofurnar.
- Meiri umfjöllun í fjölmiðlum
- Tengja sýninguna við gott málefni, allir sýnendur gefa eitthvað á uppboð / happdrætti og ánafna svo t.d.10% af sölutekjum til málefnsins. Hægt að hafa kokteilkvöld þar sem sérstaklega er verið að beina sjónum að málefninu. Það væri líka sniðugt að hafa svona míní sýningar í tengslum við stórar ferðaráðstefnur eða jafnvel að bjóða sýnendum að sýna erlendis.

9. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Kynningarefni var sent á ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum og Bretlandi sem skipuleggja ferðir til Íslands. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsinga-spjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótél í Reykjavík.


Varðst þú var/vör við erlenda ferðamenn á sýningunni?




10. Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?




Ef já, hve stór hluti af heildarveltu var sala til erlendra aðila?




11. Virðisaukaskattur.




12. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



13. Búseta



14. Mímir listmunir/vörur falla undir eftirfarandi flokk(a):



*Ef annað þá hvað? *Listmunir*

15. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Borð, hillur og annað á að vera innifalið í umsóknargjaldinu, óþarfa peningaplokk.
- Takk fyrir okkur!
- Gaman væri að prófa að hafa eina kvöldopnun, gæti verið stemning í því að að hafa t.d. einn dag sýningar opið til kl. 21.
- Alla jafn gaman að koma og taka þátt enda skipulag og uppsetning til einstakrar fyrirmyndar.
- Frábær sýning og mjög gaman að taka þátt. Vel að henni staðið.
- Takk kærlega fyrir glæsilega og vel skipulagða sýningu :)
- Kærar þakkir fyrir frábæra og vel skipulagða sýningu.
- Takk!!
- Góð sýning, gott skipulag :)
- Sýningin er vel skipulögð og flott. Básarnir eru helst til of dýrir.
- Frábær sýning. Takk fyrir.
- Takk fyrir.
- Þetta er góður skóli, maður verður aldrei of gamall að læra nýtt. Ábendingar viðskiptavina og samtöl við aðra sýnendur mikilvæg.